



36. stjórnarfundur LH
27. október 2022 kl. 19:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Stefán Logi Haraldsson, Einar Gíslason, Sóley Margeirsdóttir, Gréta V. Guðmundsdóttir, Hákon Hákonarson, og Siguroddur Pétursson úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn. Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Forföll boðaði: Lilja Reynisdóttir, úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerða 33. 34. og 35. fundar

2. Drög að fjárhagsáætlun 2023-2024

Gjaldkeri fór yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árin 2023 og 2024.

Afgreiðsla: Málið rætt og nokkrar athugasemdir gerðar.

3. Hundrað hestamenn heimsóttir / Gluggi í heim hestamenskunnar - skýrsla

Gréta V. Guðmundsdóttir fór yfir skýrslu um árangur af kynningarverkefninu Hundrað hestamenn heimsóttir og kynnti hugmyndir um hvernig væri hægt að þróa verkefnið áfram. Búið er að birta 17 viðtöl og 20 önnur eru tilbúin til birtingar.

Afgreiðsla: Stjórn lýsti yfir ánægju með verkefnið, samþykkt að þróa verkefnið áfram.

4. Survive Iceland - skýrsla

Verkefnastjóri Survive Iceland fór yfir skýrslu um Þolreið LH – Survive Iceland 2022.

Afgreiðsla: Málið rætt.

5. Öruggt umhverfi í hestaíþróttum

Í undirbúningi er samstarf þriggja sérsambanda um sameiginlegt trúnaðarráð: LH, Sundsambandsins og Fimleikasambandsins.

Sameiginlegt trúnaðarráð tekur við máli, setur upp aðgerðir (geta verið tilkynnt til yfirvalda, ÍSí dómstól eða sáttarmeðferð eða annað sem við á) og svo er fengin niðurstaða. Skýrsla er skrifuð um hvert mál og svo er gögnum þess eytt.

Málum væri komið þannig fyrir að stjórnir eigi ekki að þurfa að taka ákvarðanir í þessum málum, heldur að verkferlarnir, aðgerðarrámminn sem slíkur standi fyrir þeim.

Þetta tryggir samfellu í meðferð þessara mála þó stjórnir breytist, og verði mannabreytingar, og útilokar það að þurfa að taka ákvarðanir eftir persónulegum skoðunum.



Afgreiðsla: Samþykkt að birta á heimasíðu vefsvæðið Öruggt umhverfi í hestaípróttum og vinna málið áfram með Sundsambandinu og Fimleikasambandinu að þessum málum.

6. Áskorun frá Umhverfis- og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar um dýravelferð

Umhverfis-og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar skorar á Matvælaráðuneytið, Bændasamtök Íslands og Landssamband hestamannafélaga að beita sér í þessu máli og öðrum málum er varða dýravelferð. Í brefi frá nefndinni segir: „Það er augljóst að umfjöllun um slæma meðferð á skepnum er til þess fallin að varpa neikvæðu ljósi á íslenskan landbúnað og sveitarfélagið Borgarbyggð. Þá getur umfjöllun sem þessi valdið talsverðum fjárhagslegum skaða og skaðað ímynd lands og þjóðar. Almennigur hefur verulegar áhyggjur af afdrifum þeirra dýra sem búa við slíkar aðstæður, auk þess sem verulegrar reiði gætir í garð þeirrar eftirlitsstofnunar sem sinnir þessum málum.“

Afgreiðsla: Stjórn LH er umhugað um að dýravelferðarmál séu tekin föstum tókum. Skrifstofu falið að semja tillögu til ályktunar Landþings um almenna áskorun til stjórnvalda og þeirra yfirvalda sem fara með dýravelferðarmál um að dýravelferðarmál verði tekin alvarlega.

7. Gæðingafimi – Erindi frá Erni Karlssyni

Örn Karlsson fer þess á leit við stjórn LH að nafnið Gæðingafimi verði ekki notað á reglugerð um nýja keppnisgrein sem er lögð fyrir landsþing til samþykktar á þskj. 42. Starfshópur um gæðingafimi hefur lagt, að ef til þess kæmi að nota þyrfti annað nafn um greinina, þá kæmi „gæðingaípróttir“ til greina.

Afgreiðsla: Samþykkt að leggja fyrir þing viðaukatillögu þar sem lagt er til að efna í samkeppni um nafn á greininni.

8. Erindi frá HÍDÍ og GDLH

Hestaípróttadómarafélag Íslands og Gæðingadómarafélag LH þar sem gerðar eru athugasemdir við tillögu fyrir landsþing að nýrri reglugerð um dómara í hestaípróttum, þskj. 4 og farið er fram á að stjórn LH dragi tillöguna til baka.

Afgreiðsla: Samþykkt að kalla dómarafélögin á fund og vinna sameiginlega tillögu að breytingu á greinargerð tillögunnar til að leggja fyrir þing.

9. Heiðranir á Landsþingi og uppskeruhátíð

Gerð tillaga um átta nýja gullmerkishafa sem var samþykkt.

Gerð tillaga að heiðursverðlaunaviðurkenningu á Uppskeruhátíð sem var samþykkt.

10. Þinglokafögnuður

Rætt um fyrirkomulag þinglokafögnuðar.

11. Uppskeruhátíð

Rætt um fyrirkomulag uppskeruhátíðar.



12. Önnur mál

- a. Umræða varð um samstarf við Horses of Iceland.

Fundi slitið kl. 21:28